


Easy Thumbnails

Pú slærð inn slóðina: <http://www.fookes.com>




Næst smellir þú á **Info** – hnappinn á bláu röndinni þar sem stendur **Easy Thumbnails 2.8** þá opnast þessi valmynd:



Og þú smellir á **Download Now** hnappinn og forritið hleðst inn í tölvuna þína.

Næst býrðu þér til möppu í **My Documents** eða á **Desktop** eða hvar annars staðar sem þér hugnast best til að geyma myndirnar þínar í þegar þú ert búin að minnka þær.

Nú ræsirðu upp **Easy Thumbnail** forritið og þá opnast eftirfarandi valmynd:




Í **Save in** glugganum neðst á valblaðinu (á myndinni hér fyrir ofan) velur þú nýju möppuna sem þú bjóst til, til að setja myndirnar í (smellir á litla hnappinn með punktunum þremur við hliðina á glugganum...sjá mynd hér að ofan)



Á **Settings-flípanum** getur þú valið hvað myndirnar verða stórar þegar þú ert búin að minnka þær. Ef þú velur t.d. að **Width** geti mest orðið 800 og **Height** það sama, þá minnkar forritið myndirnar þínar niður í 800 pixla á breiddina og hæðin helst í réttum hlutföllum við breiddina.

Í **New name** glugganum velur maður hvort forritið setur einhverja auðkennisstafi fyrir framan nafnið á minnkuðu myndunum. Í þessu tilfelli sést að valið er að setja stafina tn_fyrir framan nafnið á hverri mynd. Einnig er hægt að velja **Add nothing**, en þá bætist ekkert við fyrir framan nafnið.



Næst smellir maður á möppuna sem inniheldur myndirnar sem á að minnka (sjá stóra gluggann á myndinni hér að ofan) og smellir að lokum á **Make All** hnappinn og þá býr forritið til smækkaðar myndir og vistar þær inni í möppunni sem búið var að velja að ætti að setja minnkuðu myndirnar í.